

Alþingi
Erindi nr. P 139/2561
komudagur 19.5.2011

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
b.t. viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2011

Varðar: 783. mál, lagafrumvarp á 139. löggjafarþingi, þskj. 1382.

Umsögn um frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eftirlit með slitum, EES reglur) á þingskjali 1382, 783. mál.

Umsagnaraðili: Kaupþing banki hf. (Kaupþing)

Vísað er til umsagnarbeiðni viðskiptanefndar þann 12. maí síðastliðinn og framkomins frumvarps efnahags- og viðskiptaráðherra á þingskjali 1382.

Kaupþing hefur yfirfarið framangreint frumvarp og telur efni þess að mörgu leyti jákvætt. Af frumvarpinu leiðir m.a. að eitt af markmiðum þess sé að greiða fyrir að slitameðferðum fjármálafyrirtækja geti lokið með nauðasamningum. Í 6. gr. frumvarpsins er þannig m.a. lagt til að við talningu atkvæða eftir höfðatölu verði samþykktarhlutfall einungis miðað við þá sem sannanlega greiða atkvæði við nauðasamningsumleitanir, í stað núgildandi reglu sem miðar við hlutfall af lýstum kröfum. Kaupþing tekur undir umrædda breytingartillögu og telur hana mikilvægt skref í því að hægt verði að reyna nauðasamningsumleitanir.

Kaupþing vill þó benda á að telja verður frekari lagabreytingar æskilegar eigi markmið laganna um flýta fyrir og auðvelda nauðasamningsumleitanir að ná fram að ganga. Þannig skal m.a. bent á að í núverandi lagaumgjörð felst að ef frumvarp til nauðasamnings er fellt í atkvæðagreiðslu eða staðfestingu þess synjað af dómstólum leiðir slíkt sjálfkrafa til gjaldþrotaskiptameðferðar. Er því hætt við að slitameðferðir fjármálafyrirtækja kunni að dragist að ófyrirsynju þar sem ósennilegt sé að kröfuhafar séu tilbúnir til að taka slíka áhættu m.v. núverandi aðstæður. Kaupþing leggur því til breytingar varðandi tvö atriði, til viðbótar því sem felst í frumvarpinu, þ.e. annars vegar varðandi heimild til að reyna nauðasamningsumleitanir aftur nái þær ekki fram að ganga og hins vegar varðandi áhrif umdeilda atkvæða á atkvæðagreiðslu.

Í því sambandi skal á það bent að Kaupþing fær ekki séð að önnur sjónarmið ættu að gilda um heimildir fjármálafyrirtækja í slitameðferð til að reyna frekari nauðasamningsumleitanir heldur en á við skv. almennum reglum um nauðasamninga enda félag í slitameðferð ekki komið í gjaldþrotaskiptameðferð. Almenna reglan er t.d. sú skv. 2. tölul. 38. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 (GPL) að félag má ekki reyna nauðasamningsumleitanir ef kröfu þess um staðfestingu á nauðasamningi hefur áður verið hafnað innan 3 ára frá frestdegi af *öðrum orsökum en þeim að ágallar hafi verið á framkvæmd nauðasamningsumleitana*. M.ö.o. endurtekin tilraun er heimil án e-h tímatakakana ef sú fyrri hefur eingöngu farið út um þúfur vegna formgalla í ferlinu. Jafnframt felst í umræddu ákvæði að ekki er nein hindrun gagnvart því reyna aftur nauðasamningsumleitanir ef þeirri

fyrri hefur lokið með því að frumvarp hafi verið fellt í atkvæðagreiðslu þar sem þá hefur aldrei reynt á úrskurð um staðfestingu fyrir dómi.¹

Kaupþing leggur því til þá breytingu við 6. gr. frumvarpsins að bætt verði við að 1. másl. 4. mgr. 103. gr. a laga um fjármálafyrirtæki (FFL) skuli orðast svohljóðandi: „Nú liggur fyrir að eignir fjármálafyrirtækis nægi ekki til að standa að fullu við skuldbindingar þess og slitastjórn telur sýnt að ekki verði forsendur til að leita nauðasamnings skv. 3. mgr. og skal þá slitastjórn krefjast þess fyrir héraðsdómi, þar sem hún var skipuð til starfa, að bú fyrirtækisins verði tekið til gjaldþrotaskipta.“ Jafnframt leggur Kaupþing til að við 4. mgr. 103. gr. a FFL bætist nýr málsliður svohljóðandi: „Telji slitastjórn hins vegar forsendur til frekari nauðasamningsumleitana, þrátt fyrir að frumvarp að nauðasamningi ekki hlotið samþykki eða hafnað hefur verið kröfu um staðfestingu þessu, skulu ákvæði 2. töul. 38. gr. GPL gilda um fresti og skilyrði þess að reyna frekari nauðasamningsumleitunir auk þess sem að um slíkar áframhaldandi nauðasamningsumleitunir eiga að öðru leyti við ákvæði 3. mgr. 103. gr. a. FFL. og ákvæði þessarar málsgreinar.“

Framangreind breyting fæli í sér að nýr málsliður 4. mgr. 103. gr. a. FFL gerði það að verkum að almennar reglur 2. töul. 38. gr. GPL myndu gilda varðandi heimildir til að reyna frekari nauðasamningsumleitunir hafi sú fyrri farið forgörðum. Áfram stæði þó sú almenna skylda á slitastjórn að óska eftir gjaldþrotaskiptum teldi slitastjórn sýnt að engar forsendur væru fyrir nauðasamningsumleitunum og jafnframt stæði áfram óhöggðu heimild kröfuhafa til að óska eftir gjaldþrotaskiptum á grundvelli 2. másl. 4. mgr. 103. gr. a. FFL. Kaupþing fær ekki séð að slík breyting sem hér um ræðir myndi raska í neinu jafnræði kröfuhafa en gæti hins vegar tvímælaust stuðlað að því að kröfuhafar væru tilbúnir til að reyna nauðasamningsumleitunir fyrir en ella.

Kaupþing vill enn fremur benda á að deilt er um afstöðutöku slitastjórna til lýstra krafna í fjölmörgum tilvikum, ýmist af kröfuhöfum sjálfum eða af öðrum kröfuhöfum. Í ljósi þess að félag í slitameðferð er ekki komið í formlega gjaldþrotaskiptameðferð telur Kaupþing eðlilegt að áhrif umdeilda atkvæða á nauðasamning fari að öllu leyti eftir 52. gr. GPL en sérregla 2. mgr. 152. gr. GPL, sem gildir um fjármálafyrirtæki í slitameðferð, eigi hins vegar ekki við fullum fetum.

Í 2. mgr. 152. gr. GPL kemur nánar tiltekið fram að ef úrslit atkvæðagreiðslu um nauðasamningsfrumvarp geta ráðist af ágreiningsatkvæði skuli [slitastjórn] fá leyst úr ágreininginum eftir ákvæðum 2. mgr. 120. gr. sömu laga. Í vísun til 2. mgr. 120. gr. GPL felst vísun í hefðbundið úrlausnarferli krafna við gjaldþrotaskipti, þ.e. halda verður ágreiningsfund og ef sá fundur skilar ekki niðurstöðu skal vísa málinu til dómstóla til þess að fá skorið úr um réttmæti viðkomandi kröfu. Skv. 2. mgr. 152. gr. frestast þá að fá niðurstöðu atkvæðagreiðslu um nauðasamning þar til úrlausn er fengin um ágreininginn. Þetta ferli getur því tafið endanlega samþykkt eða höfnun nauðasamnings um langan tíma á meðan leyst er úr málum fyrir dómstólum.

Kaupþing leggur því til að 103. gr. a FFL verði breytt þannig að við a. lið 6. gr. frumvarpsins verði bætt eftirfarandi orðum „*auk þess sem að um atkvæðafjölda til samþykkis á frumvarpi að nauðasamningi hjá félagi í slitameðferð og atkvæðagreiðsluna um það gilda ákvæði 49.–52. gr., þar með talið ef úrslit atkvæðagreiðslu geta ráðist af ágreiningsatkvæði.*“

¹ Sjá t.d. handbók um gjaldþrotaskipti, bls. 99.

Ágreiningsatkvæði myndu þannig ekki stöðva niðurstöðu atkvæðagreiðslu en kröfuhafar gætu eigi að síður mótmælt staðfestingu nauðasamnings fyrir héraðsdómi m.a. á grundvelli 4. og 5. tölulið 58. gr. GPL. Kaupþing fær ekki séð að slík breyting sem hér um ræðir myndi raska í neinu jafnræði kröfuhafa.

Kaupþing óskar eftir að fá að koma á fund viðskiptanefndar til að skýra sjónarmið sín frekar.

Virðingarfyllst,

f.h. Kaupþings banka hf.

Freddie L. Oskarsd.